

Nd.

91. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gunnar Jóhannsson, Eggert Þorsteinsson,
Sigurður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt sem orlofsfé 6% — sex af hundraði — af kaupum því, sem hann hefur borið úr bytum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Þegar starfsmenn, sem eru í föstu starfi, fara í orlof, halda þeir kaupum sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr föstu starfi, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupum því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í föstu starfi, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b, 5. lið, skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkv. lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof voru samþykkt 1943. Þau voru mjög mikilvægur áfangi í réttindabaráttu íslenzkrar alþýðu.

En svo mikilvæg sem lögin voru á sínum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi nú, og hafa þingmenn Alþýðuflokksins og Sósíalístaflokksins hvorir í sínu lagi hvað eftir annað flutt frumvörp til breytinga á orlofslögunum sama efnis og frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Að þessu sinni hefur orðið samkomulag um, að frumvarpið sé flutt af þingmönnum Sósíalístaflokksins og Alþýðuflokksins sameiginlega. Þykja það skynsamlegri og eðlilegri vinnubrögð, þar sem aukinn orlofsréttur hefur unnizt á seinustu árum í sameiginlegri baráttu verkalýðssamtakanna.

Í verkfallinu mikla 1952 náðist sú réttarbót fram, að orlofsfé skyldi hækka úr 4% í 5%, og í verkfallinu s. l. vetur samdist um, að orlofsféð hækkaði úr 5% í 6% af greiddum vinnulaunum.

Í þessu frumvarpi felast fjórar meginbreytingar á lögunum:

1) Lágmarkssumarleyfi lengist upp í 18 virka daga, eða sem svarar þriggja vikna orlofi, og skal orlofsfé hækka í samræmi við það upp í 6% af kaupi.

Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög eðlilegur og hæfilegur tími. Erlendis hefur 3 vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförunum árum. Norðmenn samþykktu lög um 3 vikna orlof þegar 1947. Hafa þau gefið hina beztu raun og þykja jafnsjálfsögð nú og 2 vikna orlof áður. Síðan hefur sama breyting verið tekin upp í Danmörk og Svíþjóð. Það er auðsætt, að vinnandi fólk á Íslandi mun ekki sætta sig lengi við það að vera eftirbátar starfsbræðra sinna á Norðurlöndum á þessu sviði.

2) Þá er lagt til í frumvarpinu, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutarsjómannanna.

Í orlofslögunum eru ákvæðin um orlof hlutarsjómannanna óljós og hafa þráfaldlega valdið ágreiningi. Þar kemur til álitá, hvort hlutarsjómenn fái nema hálf orlof, ef þeir taka þátt í útgerðarkostnaði að einhverjum hluta. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta slík ákvæði standa í orlofslögunum, enda mælir ekkert með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir um orlofsfé. Ef hlutarsjómaður rekur útgerð jafnframt, er hann að sjálfsögðu ábyrgur fyrir orlofsgreiðslunum á sama hátt og aðrir atvinnurekendur.

3) Lögin gera ráð fyrir, að orlofsfé sé ekki greitt af eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu í sama hlutfalli og launagreiðslur gefa tilefni til, heldur aðeins svo sem um dagvinnu eina væri að ræða. Hér er lagt til, að þessi ákvæði verði felld niður úr orlofslögunum og að orlofsfé verði í öllum tilfellunum jafnt, þ. e. 6% af launum.

Breyting þessi stefnir að fyllri framkvæmd á markmiði laganna. Orlofslögin eiga að tryggja vinnandi fólki hæfilega hvíld að unnu starfi, og hlýtur hvíldarþörfin jafnan að verða miklum mun meiri, ef unninn er óhæfilega langur vinnudagur, svo sem jafnan er, þegar um eftirvinnu og næturvinnu er að ræða.

4) Í 15. gr. orlofslaganna eru sérstök ákvæði um fyrningu á kröfum, og hljóða þau svo:

„Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.“

Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafa hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist sjálfsagt, að fyrning á kröfum vegna orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er lagt til í frumvarpinu, að svo verði um fyrningu orlofsréttar.

Við flutning málsins á undanförunum þingum hafa flutningsmenn margoft bent

á, að ef Alþingi fengist ekki til að breyta orlofslögunum, mætti búast við, að aukið orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnurekendur. Þannig gæti lausn þessa sjálfsagða máls orsakað langvarandi og kostnaðarsamar deilur, sem hægt væri að komast hjá, ef Alþingi sýndi sanngirni og víðsýni.

Þessi varnarorð hafa rætt. Í desemberverkfallinu mikla 1952 var þriggja vikna orlof, eins og áður er að vikið, ein meginkrafta verkalýðssamtakanna, og eftir hin miklu átök var þá samið um 15 daga orlof — helminginn af kröfum verkalýðsins á þessu sviði.

Í verkfallinu í marz og apríl s. l. vor var aukið orlof ein af aðalkröfunum, og náðist nú krafan um þriggja vikna orlof fram og fékkst viðurkennd í samningum verkalýðsfélaganna.

Það er engum vafa bundið, að bæði þessi löngu og hörðu verkföll hefðu orðið auðleystari, ef Alþingi hefði farið að tillögum flutningsmanna um afgreiðslu málsins á þingi.

Nú standa sakir þannig, að orlofslögin eru óbreytt með ákvæði um 12 daga orlof, en verkalýðsfélögin hafa með samningum sínum tryggt 18 daga orlof, og flestir, ef ekki allir starfshópar hafa fylgt í kjölfar þeirra.

Núgildandi lög um orlof eru orðin úrelt og á eftir veruleikanum. Þess vegna ber Alþingi að breyta lögunum til samræmis við það, sem um hefur samizt milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Eðlilegast er, að lögin staðfesti það samkomulag, sem atvinnurekendur og verkafólk hafa með sér gert. En ósamræmi milli samninga og laga um þetta atriði er engum til hags eða þægðar.